

*Dr. Helgi Pjeturss*

# ÍSLENSK FRAMTÍÐ

## I.

Það ætti að mega gera sjer glæsi-  
legar vonir um framtíð þjóðar þar  
sem hinn uppvaxandi æskulýður er  
eins efnilegur og hjer. En ekki litist  
mjer þó á íslenska framtíð, ef ein-  
göngu eða mestmegnis ætti að byggja  
hana á þorski og síld. Þar verður  
fleira að koma til. Ísland ætti, t.d.  
að geta orðið ferðamannaland svo að  
um munaði. En að vísu mundi þurfa  
miklu til að kosta, áður en það gæti  
orðið. Vegir þyrftu að vera nógir og  
góðir, og eins gistihús. Jeg minnst  
þess — og eru nú að vísu all-mörg ár  
síðan — að jeg heyrði enskan lávarð,  
sem á Íslandi hafði verið, segja að  
hann hefði ekki í því landi getað  
fengið neitt að borða. Með þessu átti  
hann auðvitað við það, að hann hefði  
ekki í ferð sinni hjer, getað fengið  
þann mat, sem honum líkaði. Mátti á  
honum vel skilja, að til Íslands  
mundi hann ekki oftara koma, enda  
hefur hann það ekki gert. Jeg efast  
nú að vísu ekki um það, að síðan sá  
maður var hjer á ferð, hafa orðið all-  
miklar umbætur á möguleikunum til  
að taka vel á móti gestum, sem vanir

eru góðum rúmum og góðum mat. Er  
þó tel jeg víst að enn muni talsverð  
framför þurfa hjer að verða í þeim  
efnum, áður vel sje.

## II.

Það, sem meira riður á en all-  
annað, ef hjer á að geta orðið „far-  
sælda frón“, er að við getum fengið  
guðina í lið með oss, þessa guði, sem  
forfeður vorir sögðu svo fávíslega  
skilið við, árið 1000. En afleiðingar  
þeirrar fávísku fóru þó ekki að koma  
fram til fulls fyr en h.b. 3 öldum síð-  
ar, þegar hin íslenska framsókn, sem  
m.a. hafði leitt til svo merkilegra tíð-  
inda, sem stofnun alþingis var, fór  
alveg úr liði. Er hjer nú að vísu dá-  
litið gamansamlega að orði komist  
því að ekki er jeg að óska eftir neinn  
endurreisn hinnar fornu heiðni. Er  
það er ekki þýðingarlaust að skilja  
að alltof langt hefur verið farið í þv  
að forsmá vor fornu fræði. Má í þv  
sambandi minna á, hvernig einn a-  
frægustu norrænufræðingum Norð-  
manna, prófessor Sophus Bugge  
hjelt því fram, að allt það sem merki-  
legast hefur verið í hinum forna nor-

ræna átrúnaði, sje að rekja til áhrifa frá kristinni trú. Og þá fyrst og fremst trú á Baldur hinn góða. Ekkert vopn er nefnt, sem Baldur hafi notað, ekkert, sem svari til Gungnis, Óðins eða Mjöllnis þórs, enda átti hann aldrei í vígaferlum. Og í sögu Baldurs kemur á stórmerkilegan hátt fram trúin á, að dauðinn geti sigraður orðið. Verður sú saga ennþá merkilegri, þegar þess er gætt, hvað það var sem kom í veg fyrir að sá sigur gæti orðið unninn. Mistilteinninn, sem varð Baldri að bana — en blindur sá sem skaut — er jurt, sem ekki lifir sjálfstæðu lífi, þannig að hún snúi til lífsins þarfa efnum hinnar líflausu náttúru, heldur lifir hann á því að spilla lífi annarrar jurtar. Kemur þar fram undirstöðueinkenni helstefnunnar, spillilífs andstillingin. En hin fullkomna samstilling (harmoni) er einkenni lífstefnunnar, þar sem öll brórnun mun sigrað verða, og sjálfur dauðinn. Hin forna norræna trú á að lífið geti sigrað dauðann, og að sá sigur eigi samleidd með hinum fullkomna góðleik, er alveg rjett.

Það, sem er svo ótrúlega gáfulegt hjá Íslandsvininum William Morris, er nú þetta, að hann skuli setja framhaldið á sögu Baldurs í sambandi við íslensku þjóðina. Svo gáfulegt er þetta hjá honum, að jeg tek það jafnvel fram yfir það sem andríkast er hjá öðrum William (sem Shakespeare hjet að ættarnafni). En það er þegar hann leggur Hamlet þessi orð í munn: „The World is out of joint“: heimurinn er úr liði. Því að það er einmitt þetta,

sem að er, og það svo alvarlega, að þar má segja að sje allra meina rót. En þó að vísu rjettara að komast svo að orði: heimur vor er ekki kominn í liðinn ennþá. Eða, vísindalega sagt: vjer erum hjer á útjaðri sköpunarverksins, og höfum ekki fengið það samband, sem oss er svo nauðsynlegt, við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins — slík sem forfeður voru kölluðu guði. Hlaut skilningur forfeðranna á þessum guðum sínum að vera mjög ófullkominn, og var þó, eins og saga Baldurs sýnir best, framár en nokkur önnur goðatrú.

### III.

Jafnvel eftir þau tíðindi, sem orðið hafa á þessu sumri, er konungssonurinn norski kom hingað til lands með fríðu föruneyti, til að færa íslensku þjóðinni í þakkarskyni, líkneski hins mikla sögusnillings, og þjóðhátíð hefur hjer haldin verið af því tilefni, er hjer rætt og ritað eins og þýðing þjóðar vorrar fyrir annað mannkyn sje ekki í öðru fólgin en útflutningi á þorski og síld, að ógleymdum nokkrum landbúnaðarvörum. Þetta er þó svo fjarri sanni, að hægðarleikur væri, ef nægilegrar þjóðrækni nyti við, að koma því orði á íslenska þjóð, er leiða mundi til þess, að stærri þjóðir teldu sjer ljúft og skylt, að rjetta smáþjóðinni hjálparhönd, ef nauðsynlegt kynni að reynast til þess að komið yrði fram ýmsum viðbúnaði, sem ekki verður án verið, í sambandi við mannkynshlutverk þjóðarinnar. En í hvaða átt þess hlutverks sje að leita, má

þegar, að verulegu leyti ráða af því verki sem á sumri var verið að sæma með svo miklum ólíkindum, að því er fyrri mönnum mundi þótt hafa. Og í sömu átt bendir hinn mikli náms- og fræðabugur Íslendinga. Hefur mjer fát þótt eftirtektarverðara um sögu íslensku þjóðarinnar en það, að menn skyldu verða fyrri til, hjeðan af landi, en öðrum Norðurlöndum, að sækja til sumra hinna merkustu menntastofnana, suður í álfunni, þar sem þó síst er of sagt, að Íslendingum var margfallt örðugra um vik. Finnst mjer viðeigandi í því sambandi, að gera þá athugasemd, að sá ósómi má ekki viðgangast, að hætt sje að veita fjárstyrk ungu efnisfólki, sem hjeðan leitar til náms í útlöndum. Þá væri betra að biðja láns í Bandaríkjunum, enda mætti það gera í fullu trausti þess, að þjóðinni mundi ekki verða það ófraun, að endurgjalda það lán á sínum tíma. Og ekki þarf að hafa neinar áhyggjur af því, að stjórnarlegu sjálfstæði landsins mundi hættara en áður, þó að slíkt lán væri tekið, ef aðeins hins andlega sjálfstæðis væri gætt nokkru betur en verið hefur hingað til.

#### IV.

Aldrei hefur verið auðveldara að skilja en nú, að styrjaldir eru ekki rjetta aðferðin. Einhver stjórn mála-

vítríngur, sem jeg man því miður ekki að nefna, á að hafa sagt milli styrjalda, að nú væri svo komið, að í styrjöld mundi enginn sigra, en allir tapa. Má nú segja að þetta sje komið fram, svo mjög hafa jafnvel hinar sigursælu þjóðir sett ofan í ófriðnum — að Bandaríkjunum einum frátöldum, en þó ekki að öllu leyti. Og það er jafnvel eins og hin líflausa náttúra hafi komist nokkuð úr jafnvægi við hinar ferlegu athafnir mannanna, eða samfara þeim og eftirköstunum. — Ýmist er of heitt eða of kalt, og sumsstaðar eru vætur svo miklar, er annarsstaðar þurrkar, að til stór vandræða horfir, og mætti þó fleira nefna.

Nú hefur að vísu, eftir ófriðinn samstarf hinna sigursælu þjóða til að ráða bót á afleiðingum ófriðarins verið meira en dæmi eru til áður; en þó getur enginn verið í efa um, að friðarsamstarfið er stórum minna og ófullkomnara en samtökin, þegar um styrjaldarframkvæmdirnar var að ræða. Og er þetta stóreftirtektarvert þegar dæma skal um líkurnar fyrir framtíð mannkynsins, endá rauna augljóst, að aldrei hefur verið a meira krafti og kunnáttu búist undi ófrið en einmitt nú. Helstefnan ræðu eindregið ennþá.

## V.

Það er hjer á Íslandi, sem fyrst hefur komið fram nokkur þekking á því, hvað til þess þarf, að horfið sje frá helstefnunni; og eins, hvernig verða muni framtíð mannkynsins, ef það ekki tekst. Hjer á Íslandi, þar sem Völuspá hefur ort verið, sem vissulega er ekki nein eftirlíking Opinberunarbókar biblíunnar, eins og sumir munu þó hafa vilja halda fram, heldur að sumu leyti jafnvel merkilegri. Og þó að sá sannleikur sem vjer verðum að öðlast, sje svo afar þýðingarmikill, þá er hann í rauninni einfaldur og auðskilinn. Svo vel vill til, að vjer getum í þessu efni stuðst við sumt í

hinni fornu grísku speki, sem of lítill gaumur hefur verið gefinn hingað til.

Og þá er ekki síður eftirtektarvert og hjálpvænlegt, að á Bretlandi er nú að koma fram ný heimspeki, þar sem látin er í ljós þessi afar þýðingarmikla hugsun, að mannkyn jarðar vorrar muni ekki geta komist á braut hinna sönnu framfara, ef ekki nýtur við hjálpar frá lengra komnum mannkynjum á öðrum jarðstjörnum alheimsins. Virðist ástæða til að bíða með mikilli eftirvæntingu næstu bókar Ripley Webbs, þessa stórgáfaða nýja enska heimspekings. — Virðist mega gera sjer vonir um, að þessi stórmerkilegi undirstöðusannleikur, sem Webb gerir varla meir en tæpa á í síðustu bók sinni, muni í þeirri næstu, hafa náð þeim þroska, sem nauðsynlegur er, til þess að fullkomlega geti að notum orðið. Mundi þá einnig hjer á landi, undirstöðuhugsun þessi, fá þær undirtektir, sem hún á skilið. En það er víst að úr því að svo væri komið, mundi engu þurfa að kvíða um framtíð íslensku þjóðarinnar.

19. september.



Sept. Mbl. 1947.